

REGLUGERÐ

um breytingu (3.) á reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 16/1986.

1. gr.

Eftirfarandi breyting skal gerð á lista í fylgiskjali I með reglugerðinni:

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóðasam- ingar N—1961 P—1971 Fsk. I—IV	Inn-/útl. leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um áv. og fíkniefni nr. 65/ 1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athuga- semdir
Alprazolamum	P IV			5(9(25 mg))

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, tekur gildi 1. apríl 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. mars 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Við 6. gr., b staflið bætist nýr töluliður:

„XVII. Alprazolamum. Hámarksmagn á lyfseðli 25 mg. (Dæmi: Tafil, 0,25 mg 100 töflur, 0,5 mg 50 töflur).“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, tekur gildi 1. apríl 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. mars 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.